



Kópurinn

Viðurkenning menntaráðs til grunnskóla- og frístundastarfs á vegum Kópavogsbæjar

1. Menntaráð Kópavogs veitir árlega viðurkenningar til að vekja athygli á því góða starfi sem unnið er í bænum og hvetja jafnframt til enn frekari nýbreytni og framþróunar..
2. Auglýst er eftir tilnefningum í mars ár hvert.
3. Foreldrum, nemendum og starfsfólki gefst kostur á að skila inn tilnefningum á vefnum á þar til gert eyðublað.
4. Viðurkenningar eru veittar fyrir verkefni sem stuðla að nýbreytni og framþróun. Með því er átt við að nýjungar í frístunda- og grunnskólastarfi eða þróunarverkefni feli í sér umbætur eða leiðir til framfara. Auk þess er æskilegt að verkefnið:
 - sýni að það hefur verið unnið af frumkvæði, fagmennsku og ábyrgð.
 - hafi leitt til umbóta og/eða framfara.
 - feli í sér hvatningu til eftirbreytni innan viðkomandi stofnunnar og utan.
5. Viðurkenningar eru veittar fyrir allt að 5 verkefni í hvert sinn.
6. Viðurkenningaskjöl eru veitt fyrir verkefnin við athöfn sem haldin er að vori þar sem verkefnin eru jafnframt kynnt.
7. Nefnd sem skipuð er af einum fulltrúum meirihluta og einum fulltrúa minnihluta ásamt fulltrúa foreldra í menntaráði vinna úr tilnefningum. Verkefnastjóri grunnskóladeildar og deildarstjóri frístundadeildar eru nefndinni til ráðgjafar.

Samþykkt í menntaráði 19. febrúar 2019
Endurskoðaðar reglur samþykktar í menntaráði 7. febrúar 2023